

**Nd.**

**340. Frumvarp til laga**

[45. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

**1. gr.**

3. tölul. 2. gr. laganna orðist svo:

Framlag úr ríkissjóði, ein milljón króna á ári, næstu 10 árin frá gildistöku þessara laga.

**2. gr.**

3. gr. laganna orðist svo:

Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5 gr. þessara laga. Skal að minnsta kosti 60% af árlegum tekjum sjóðsins varið til framkvæmda samkvæmt 4. gr. laganna.

**3. gr.**

5. gr. laganna orðist svo:

Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingar sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki yfir 150 þús. kr. Þó mega lán til þeirra fyrirtækja, er ekki hafa fengið hámarkslán í stofnlánadeild sjávarútvegsins eða Fiskveiðasjóði Íslands, nema allt að 50% af stofnkostnaði. Lán fiskimálasjóðs að viðbættum lánum með fyrri veðrétti mega þó aldrei nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má vera hærri en 350 þús. kr. Vextir af lánum skulu vera 2½% á ári, en lánskjör að öðru leyti þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.